



Fiskveiðistjórnarkerfi og veiðigjöld á Grænlandi

Hilmar Ögmundsson
Fjármálaráðuneyti Grænlands

Sjávarútvegsráðstefnan, Reykjavík, 17. nóvember 2017





Fiskveiðistjórnunarkerfið

- Núverandi lög um fiskveiðar eru frá árinu 1996:
 - Markmið að tryggja sjálfbæra þróun fiskveiða að teknu tilliti til efnahags- og atvinnumála.
 - Einnig eru í gildi fjöldi reglugerða varðandi stjórn fiskveiða.
- Veiðilögsaga Grænlands nær 200 mílur út og stjórnun svæða skiptist í:
 - Vestur-Grænland
 - Austur-Grænland
- Fiskveiðarnar skiptast í:
 - Úthafsveiðar: Utan 3 sjómílna frá strandlínu.
 - Strandveiðar: Frá strandlínu og 3 sjómílur út. Stærð skipa ekki yfir 120 brúttótonnum



Fiskveiðistjórnunarkerfið

Allar fiskveiðar eru leyfissskyldar.

- Tímabundin veiðileyfi með aflamarki
 - Gefin út 1-2 ár í senn.
 - Allar fisktegundir í úthafsveiðum að undanskilinni rækju.
- Tímabundin veiðileyfi án aflamarks (sóknarveiðar):
 - Gefin út 1-2 ár í senn.
 - Allar fisktegundir í strandveiðum að undanskilinni rækju og grálúðu sem er veidd með bátum yfir 6 metrum.
- Ótímabundin veiðileyfi með aflahlutdeild:
 - Framseljanlegar heimildir
 - Einungis í rækjuveiðum og í strandveiðum á grálúðu á bátum yfir 6 metra.



Fiskveiðistjórnunarkerfið

Árlega sett heildaraflamark í hverri tegund fyrir sig.

- Aflamarki er úthlutað árlega til grænlenkra útgerða og ríkja sem Grænland hefur fiskveiðisamninga við.
- Heildaraflamark til grænlenkra útgerða á helstu fisktegundum 2017:
 - Rækja, 86.356 tonn
 - 57% er úthlutað til úthafsveiða. 25% löndunarskylda á afla.
 - 43% er úthlutað til strandveiða. 100% löndunarskylda á afla.
 - Grálúða, 41.575 tonn
 - Úthafsveiðar, 13.375 tonn. 25% löndunarskylda í Vesturgrænlandi.
 - Strandveiðar, 28.200 tonn. 100% löndunarskylda.
 - Þorskur, 61.625 tonn
 - Úthafsveiðar, 25.125 tonn (með aflamarki frá fiskveiðisamningum). Getur verið breytileg löndunarskylda.
 - Strandveiðar, 36.500 tonn. 100% löndunarskylda.
 - Karfi, úthafsveiðar: 5.620 tonn



Fiskiflotinn

Grænlenški fiskiflotinn

- 32 skip yfir 30 metrum.
- 270 skip undir 30 metrum.
- Ca. 1.600 opnir smábáatar undir 6 metrum.
- Ca. 600 hundasleðar.



Veiðigjöld á Grænlandi

Fimm mismunandi veiðigjaldakerfi:

- Eftirlitsgjald: Reiknast á kíló aflamarks eða aflamagns.
- Rækja: Veiðigjald reiknast sem breytilegt hlutfall af útflutningsverðmæti.
- Úthafsveiðar á grálúðu: Veiðigjald reiknast sem grunngjald sem breytist í takt við þróun í söluverði og olíuverði.
- Strandveiðar á grálúðu: Veiðigjald reiknast sem fast hlutfall af löndunarverðmæti.
- Úthafsveiðar á uppsjávar- og bolfiski: Veiðigjöld eru föst krónu tala á kíló aflamagns.



Veiðigjöld á Grænlandi

Eftirlitsgjald

Fyrst lagt á 2010 í reglugerð

- Ætlað að standa undir hluta kostnaðar við eftirlit fiskveiða hjá Fiskistofu Grænlands.
- Upphaflega tvískipt:
 - o Árlegt skráningargjald: 1.500 dkk (ca. 22.500 isk) á leyfi í strandveiðum á öðrum tegundum en rækju. Afnumið 2013.
 - o Gjald á kíló: 60 dkk (ca. 900 isk) á kíló aflamarks eða aflamagns (í veiðum utan aflamarks) í úthafsveiðum og strandveiðum á rækju.
- Heildarálagning ca. 200 millj.isk árlega



Veiðigjöld á Grænlandi

Veiðigjöld á rækju

Fyrst lagt á 1984 í reglugerð

- Heildargjöld voru ákveðin í tengslum við fjárlagagerð ár hvert og deilt á rækjukvóta sem ekki var löndunarskyldur.

Ný lög um veiðigjöld á rækju 1991

- Gjaldagrunnur við útreikning á veiðigjaldi var útflutningsverðmæti frá beinum útflutningi rækjutogaranna.
- Innheimt ársfjórðungslega sem hlutfall af gjaldagrunni í ársfjórðungnum af frádregnum afslætti sem nam 1 millj.dkk (9,25 millj.isk) á skip. Löndunarskyld rækja var undanþegin gjaldskyldu.

Hlutfall:

1. janúar 1991: 11%

1. janúar 1992: 9%

1. júlí 1992: 1%

1. janúar 1999: 3% og afsláttur fjarlægður

1. janúar 2002: 1%



Veiðigjöld á Grænlandi

Veiðigjöld á rækju

2004 – Grundvallarbreyting á lögunum

- Útreikningur á veiðigjaldi gerður meira markaðstengdur.
- Veiðigjald álagt sem hlutfall af gjaldagrunni (útflutningsverðmæti að frádregnum umbúðakostnaði).
- Hlutfall ákvarðast af meðal útflutningsverði á kíló. Ef verð er undir fyrirfram ákveðnu grunnverði er hlutfall núll. Hlutfall hækkar um 0,01% fyrir hvern aur sem söluverð hækkar umfram grunnverð, þangað til þaki er náð.

Grunnverð:

- 1. janúar 2004: 13 dkk (ca. 152 isk) á kíló.
- 1. janúar 2010: 11,7 dkk (ca. 254 isk) á kíló.
- 1. janúar 2014: 9,6 dkk (ca. 200 isk) á kíló.


Þak á gjaldhlutfalli:

- 1. janúar 2004: 45%.
- 1. janúar 2014: 15%.



Veiðigjöld á Grænlandi

Heildartekjur af veiðigjaldi á rækju



	Veiðigjald á kíló útflutta rækju frá rækjuflotanum															
	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
DKK	0,9	0,3	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,1	0,3	0,5	0,6	1,4	2,8	3,9	5,0	4,8
ISK	10,3	3,1	1,7	0,7	0,0	0,1	0,1	2,0	6,6	10,0	13,8	31,2	60,1	81,0	98,7	85,9



Veiðigjöld á Grænlandi

Veiðigjöld á Grálúðu

Úthafsveiðar – ný lög sem tóku gildi 1. janúar 2013

- 1. janúar 2013 var veiðigjaldið sett 2,50 dkk (ca. 54,4 isk) á kíló.
- Veiðigjaldið fyrir komandi ársfjórðung hækkar eða lækkar í takt við vigtaða þróun á ársfjórðungslegu söluverði á kíló útfluttrar grálúðu og verði á Brentolíu.
- Gjaldagrunnur var bein grálúðuútflutningur framleiðslutogaranna. Löndunarskylt magn var undanþegið veiðigjaldi.
- Frá 1. janúar 2016 var gjaldagrunni breytt þannig að allur grálúðuaflí úthafsflotans var gerður gjaldskyldur. Sérstakur grálúðukvóti sem var gerður löndunar- og flökunarskyldur til að skapa atvinnu í landi var þó undanþegin.



Veiðigjöld á Grænlandi

Veiðigjöld á Grálúðu


Strandveiðar – innleitt í lög frá 1. janúar 2016

- Veiðigjaldið er 5% hlutfall af löndunarverðmæti.



Veiðigjöld á Grænlandi

Heildartekjur af veiðigjaldi á grálúðu



Veiðigjald á kíló	2013	2014	2015	2016
Úthafsveiðar				
DKK	2,6	2,7	3,0	2,5
ISK	56,6	56,1	58,8	45,2
Strandveiðar				
DKK	-	-	-	1,1
ISK	-	-	-	19,7



Veiðigjöld á Grænlandi

Veiðigjöld á uppsjávarfisk

Veiðigjald á makríl tók gildi 1. maí 2014


Veiðigjald á loðnu og síld tók gildi 1. janúar 2016

- Veiðigjaldið er föst krónutala á kíló:
 - Makrill
 - Grænlenk skip: 0,40 dkk (ca. 6,6 isk).
 - Erlend leiguskip: 1,00 dkk (ca. 16,5 isk).
 - Síld
 - Grænlenk skip: 0,25 dkk (ca. 4,1 isk)
 - Erlend leiguskip: 0,80 dkk (ca. 13,8 isk)
 - Loðna
 - Grænlenk skip: 0,15 dkk (ca. 2,5 isk)
 - Erlend leiguskip: 0,70 dkk (ca. 11,5 isk)
- Gjaldagrunnur er aflamagn



Veiðigjöld á Grænlandi

Heildartekjur af veiðigjaldi á uppsjávarfisk





Veiðigjöld á Grænlandi

Veiðigjöld á bolfisk


Sett í lög 1. janúar 2017

- Veiðigjaldið er föst krónutala á kíló:
 - Þorskur: 0,55 dkk (ca. 9,1 isk).
 - Ýsa: 0,55 dkk (ca. 9,1 isk).
 - Karfi: 0,55 dkk (ca. 9,1 isk).
 - Ufsi: 0,55 dkk (ca. 9,1 isk).
- Gjaldagrunnur er aflamagn.
- Áætluð heildarálagning 2017 er 15 millj.dkk (ca. 225 millj.isk).



Veiðigjöld á Grænlandi

Heildartekjur af veiðigjöldum





Nýtt veiðigjaldakerfi

- Grænlandska landstjórnin setti á laggirnar vinnuhóp árið 2016 sem fékk það verkefni að þróa nýtt veiðigjaldakerfi.
- Vinnuhópurinn var samsettur af fjármála- og sjávarútvegsráðuneytinu, útgerðum, hagsmunasamtökum og fjármálastofnunum.
- Landstjórnin óskaði eftir hugmyndum af nýju veiðigjaldakerfi sem væri gegnsætt, einsleitt og álögur skyldu taka mið af auðlindarentunni í fiskveiðunum.
- Vinnu hópsins lauk með skýrslunni „Redegørelse af ressourcerenten i det grønlandske fiskeri og forslag til nye ressourcerenteafgiftsmodeller”



Tillögur vinnuhópsins

- Tillaga 1: Óbreytt núverandi veiðigjaldakerfi og setja á veiðigjöld á þær tegundir sem ekki eru gjaldskyldar í dag.
- Tillaga 2: Uppboðsleið. Allir kvótar og fiskveiðiréttindi boðin upp.
- Tillaga 3: Veiðigjald sem viðbótar skattprósenta á fyrirtækjaskatt.
- Tillaga 4: Hagnaðartengd veiðigjöld. Veiðigjald reiknað sem hlutfall af reiknaðri auðlindarrentu síðustu þriggja ára, umreiknað í fast krónugjald á kíló afla.
- Tillaga 5: Veiðigjald sem hlutfall af mismun milli meðalsöluverðs og grunnverðs. Grunnverð á kíló þar sem auðlindarenta er núll hjá meðalskipi í mismunandi hluta flotans.
- Tillaga 6: Veltutengd veiðigjöld. Veiðigjald reiknað sem fast hlutfall af heildartekjum



Frumvarp varðandi nýtt veiðigjaldakerfi

Ákveðið var að vinna lagafrumvarp um nýtt veiðigjaldkerfi út frá tillögu 6. Frumvarpið var lagt fram á haustþingi 2017.

Álagning veiðigjalda í nýja kerfinu á öðrum tegundum en uppsjávarfiski:

- Bein útflutningur frá flotanum:
 - Ef meðal útflutningsverð á kíló er 12 kr.dkk (ca. 198 isk) eða lægri greiðist aðeins 0,20 kr.dkk (ca. 3,3 isk) grunngjald á kíló útflutts magns.
 - Ef meðal útflutningsverð er milli 12 – 17 kr.dkk (ca. 198-280 isk) þá greiðist 5% af útflutningsverðmæti. Hækkun umfram 17 kr.dkk hækkar gjaldhlutfall um 1% þangað til það hefur náð 17% gjaldlofti.
- Landanir frá flotanum til landsframleiðslu:
 - Ef meðal löndunarverð á kíló er 8 kr.dkk (ca. 132 isk) eða lægra greiðist aðeins 0,05 kr.dkk (ca. 0,8 isk) grunngjald á kíló landaðs magns.
 - Ef meðal löndunarverð er hærra en 8 kr.dkk þá greiðist 5% af löndunarverðmæti.



Frumvarp varðandi nýtt veiðigjaldakerfi

Álagning veiðigjalda í nýja kerfinu á uppsjávarfisk:


Veiðigjaldið er föst krónutala á kíló:

- Makríll
 - Grænlenk skip: 0,40 dkk (ca. 6,6 isk).
 - Erlend leiguskip: 1,00 dkk (ca. 16,5 isk).
- Síld
 - Grænlenk skip: 0,25 dkk (ca. 4,1 isk)
 - Erlend leiguskip: 0,80 dkk (ca. 13,2 isk)
- Loðna
 - Grænlenk skip: 0,15 dkk (ca. 2,5 isk)
 - Erlend leiguskip: 0,70 dkk (ca. 11,5 isk)
- Kolumuni
 - Grænlenk skip: 0,15 dkk (ca. 2,5 isk)
 - Erlend leiguskip: 0,70 dkk (ca. 11,5 isk)
- Gulllax
 - Grænlenk skip: 0,15 dkk (ca. 2,5 isk)
 - Erlend leiguskip: 0,70 dkk (ca. 11,5 isk)

Gjaldagrunnur er aflamagn



Takk fyrir ☺



Höfnin í Nuuk